

Ársfundur Austurbrúar ses. 2025

haldinn í gamla Alpýðuskólanum á Eiðum

9. maí kl 10:00

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hún til að Dagmar Ýr Stefánsdóttir yrði fundarstjóri og Aron Thorarensen fundarritari. Var það samþykkt.

Fundastjóri tók við stjórn fundarsins. Fór hann yfir að alls voru yfir 50 fundargestir, þar af 17 atkvæðisbærir fulltrúar. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt, þ.e. stofnaðilar Austurbrúar sem hafa eitt atkvæði hver og hagsmunaaðilar hafa saman alls fimm atkvæði.

Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni og á samfélagsmiðlum. Fundurinn taldist því löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við það. Fundurinn fór eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan og að því loknu var gengið til dagskrár.

1) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð Berglindi Hörpu Svavarsdóttir, formann stjórnar Austurbrúar, að kynna skýrslu stjórnar.

Í ávarpi formanns sagði hún m.a. fundinn „gefa okkur tækifæri til að staldra við, fara yfir það sem áunnist hefur og styrkja áframhaldandi vinnu innan Austurbrúar.“

Hún gerði grein fyrir breytingum á framkvæmdastjórn Austurbrúar og bauð Bryndísi Fionu Ford velkomna sem nýjan framkvæmdastjóra frá 1. mars 2025. Um leið þakkaði hún Dagmar Ýr Stefánsdóttur hennar mikilsverða framlag til Austurbrúar og bætti við að hún hefði „leitt fjölmörg umbótaverkefni af festu og eldmóði“ á meðan hún gegndi starfinu.

Formaðurinn sagði að Austurbrú hefði fest sig í sessi sem brú á milli ríkis, sveitarfélaga, fólks, hugmynda og framkvæmda og tengdi saman lykilstoðir samfélagsins. Hún nefndi að stjórnin hefði lagt áherslu á að móta áframhaldandi skýra stefnu, afmarkaðar áherslur og áþreifanlega útkomu og minnt á að gildin samvinna, þekking og framtíðarsýn hefðu verið samþykkt í maí 2024. Hún hvatti fundargesti til að kynna sér nýútkomið ársrit Austurbrúar og SSA þar sem rakin væru helstu verkefni ársins með ítarlegum hætti.

Formaðurinn nefndi sérstaklega eftirfarandi verkefni:



Starfamessa Austurlands: Fyrsti slíki viðburður var haldinn í september og skapaði mikilvægan vettvang fyrir austfirsk ungmenni og atvinnulíf fjórðungsins. Hún sagði: „Við viljum að unga fólkið sjái framtíð sína á Austurlandi.“

Málþingið Fjölmennara Austurland: Formaður hvatti fundargesti til að sitja áfram og hlýða á ungt fólk deila framtíðarsýn sinni, ásamt erindum Jóns Þorvalds Heiðarssonar og Vífils Karlssonar.

Matarmótið á Austurlandi: Gestum fjölgaði milli ára úr 400 í nær 1000 og viðburðurinn færðist í Sláturhúsið. Sagði formaður það sannkallaða hátíð matarmenningar og að vörumerkið Austurland gegndi þar lykilhlutverki.

Fræðslumál: Berglind lýsti m.a. Stóriðjuskólanum og íslenskunámi fyrir innflytjendur sem mikilvægum þáttum. Þá sagði formaður að bæta þyrfti framboð á fjarprófum, það ætti einfaldlega ekki að þurfa að fljúga á milli landshluta til að taka skriflegt próf.

Háskólamál: Yfir 800 próf voru tekin hjá Austurbrú árið 2024, sem sýndi þörfina fyrir þessa þjónustu.

Formaðurinn sagði að góðir starfsmenn væru meginforsenda þess að Austurbrú haldi áfram að vaxa og dafna og lýsti nýrri mannauðsstefnu sem samþykkt var í lok árs 2024 en í henni væri lögð áhersla á jafnrétti, fagmennsku, velliðan og starfsþróun.

Berglind sagði að öll helstu verkefni Austurbrúar byggðu á sameiginlegri framtíðarsýn sem ætti stoð í Svæðisskipulagi Austurlands 2022–2044 og Sóknaráætlun Austurlands 2025–2029.

Í lok ræðunnar þakkaði hún starfsfólki fyrir faglegt og dýrmætt starf í þágu Austurlands og lýsti þeirri áherslu að koma afurðum vinnunnar enn betur á framfæri.“ Hún þakkaði einnig fjölmörgum samstarfsaðilum Austurbrúar.

Hún lauk á því að segja:

„Með skýrri stefnu og sterkum lykilgögnum fyrir landshlutann, með framtíðarsýn og sameiginlegri ábyrgð, getum við haldið áfram að gera Austurland að einum eftirsóknarverðasta stað landsins – til búsetu, starfa og heimsókna.“

Að því loknu færði formaður Dagmar Ýr, blóm sem þakklætisvott stjórnar Austurbrúar fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

2) Afgreiðsla ársreikninga

Fundarstjóri kynnti til leiks Ingimar Guðmundsson, verkefnastjóri KPMG.



Ingimar kynnti ársreikning Austurbrúar. KPMG sinnir endurskoðun Austurbrúar og er áritun KPMG fyrirvaralaus. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um rúmar 7,7 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um rúmar 117 milljónir króna. Handbært fé er um 298 milljónir króna og eignir um samtals um 384 milljónir króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlög	9	204.124.384	204.776.968
Aðrar tekjur	10	319.237.662	378.045.851
		<u>523.362.046</u>	<u>582.822.819</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	334.277.581	333.399.019
Annar rekstrarkostnaður		191.672.605	227.800.815
Afskriftir	12	3.381.713	3.459.916
		<u>529.331.899</u>	<u>564.659.750</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	5.969.853)	18.163.069
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		17.744.899	8.850.541
Vaxtagjöld	(	4.012.582)	(1.963.297)
		<u>13.732.317</u>	<u>6.887.244</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>7.762.464</u>	<u>25.050.313</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	5.720.135	8.477.475
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.205.000	1.705.000
Fastafjármunir		6.925.135	10.182.475
Viðskiptakröfur	14	71.076.314	41.818.736
Aðrar skammtímakröfur		7.623.961	10.455.666
Handbært fé	7	298.570.128	230.313.779
Veltufjármunir		377.270.403	282.588.181
Eignir samtals		384.195.538	292.770.656
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		115.915.339	108.152.875
Eigið fé	15	117.515.339	109.752.875
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		42.378.894	45.273.890
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	164.569.274	99.273.199
Aðrar skammtímaskuldir		59.732.031	38.470.692
Skammtímaskuldir		266.680.199	183.017.781
Skuldir samtals		266.680.199	183.017.781
Eigið fé og skuldir samtals		384.195.538	292.770.656

Sjóðstreymisýfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	7.762.464	25.050.313
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
(Hagnaður) tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(	1.374.810)	107.000
Afskriftir	12	3.381.713	3.459.916
Sölutap eignarhluta í öðrum félögum		238.742	0
Veltufé frá rekstri		10.008.109	28.617.229
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun	(	26.425.873)	(13.981.976)
Skammtímaskuldir, hækkun		83.662.418	13.293.645
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		57.236.545	(688.331)
Handbært fé frá rekstri		67.244.654	27.928.898
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(919.563)	(4.203.599)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.670.000	25.000
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		0	(665.000)
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		261.258	0
Fjárfestingarhreyfingar		1.011.695	(4.843.599)
Hækkun á handbæru fé		68.256.349	23.085.299
Handbært fé í ársbyrjun		230.313.779	207.228.480
Handbært fé í árslok		298.570.128	230.313.779

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um ársreikning.

Skúli Björn Gunnarsson spurði hverju lækku á rekstrartekjum öðrum en framlögum sætti og svaraði Ingimar því til að munurinn væri vegna hvatasjóðs Seyðisfjarðarverkefnisins en honum lauk 2023.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til afgreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

3) Fjárhags og starfsáætlun kynnt

Fundarstjóri kynnti til leiks Bryndísi Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Bryndís kynnti fjárhags- og starfsáætlun Austurbrúar og helstu áherslur í starfi stofnunarinnar. Hún sagði Austurbrú vinna að því að gera Austurland að eftirsóknarverðum stað fólks, fjárfesta og fyrirtækja með því að bjóða samræmda og þverfaglega þjónustu á sviði atvinnulífs, menntunar og menningar. Verkefnin væru fjölbreytt, en öll þjónuðu þau hagsmunum landshlutans og stuðluðu að framþróun samfélagsins.

Hún lagði áherslu á sjálfstæði og ábyrgð verkefnastjóra og sagði að regluleg yfirferð verkefna með mælanlegum markmiðum hefði reynst góð aðferð til að skerpa á vinnunni. Austurbrú hefði tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum um sjálfbærni og viðbrögð við náttúruvá og þróað sérstakt farsældarteymi sem ynni að stuðningi við börn og fjölskyldur á Austurlandi í nánun samstarfi við sveitarfélög og þjónustukerfi.

Einnig væri unnið að verkefnum sem styrktu samfélög til að bregðast við loftslagsbreytingum og að sjálfbærni væri samofin áætlanagerð. Austurbrú safnaði reglulega gögnum frá íbúum og fyrirtækjum sem nýttast í gagnadrifinni ákvarðanatöku.

Bryndís sagði Austurbrú annast rekstur SSA auk þess sem Austurbrú sinnti eftirfylgni með Svæðisskipulagi Austurlands 2022 - 2044. Ný sóknaráætlun 2025–2029 skapaði skýran ramma um verkefni næstu ára og Austurbrú hefði innleitt framtíðarsýn svæðisskipulagsins í alla sína áætlanagerð.

Uppbyggingarsjóður Austurlands væri öflugur bakhjarl verkefna og Austurbrú hefði aðstoðað umsækjendur við að þróa hugmyndir og sækja um styrki. Hún lagði áherslu á mikilvægi góðrar þjónustu við frumkvöðla.

Að lokum vakti hún athygli á nýrri mannauðsstefnu Austurbrúar sem legði áherslu á vellíðan, jafnrétti, þekkingardeilingu og sífellda starfsþróun. Hún sagði stofnunina stolt af því að hafa verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja síðastliðin þrjú ár.

Að lokum fór hún yfir yfir fjárhagsáætlun þessa árs.



Fjárhagsyfirlit Austurbrúar 2024-2025

Rauntölur 2024 Áætlun 2025

Tekjur			
Framlög	204.124.384		235.128.000
Aðrar tekjur	319.237.662		331.643.969
Tekjur samtals	523.362.046		566.771.969
Gjöld			
Launakostnaður	334.277.581		360.188.207
Annar rekstrarkostnaður	191.672.605		206.530.980
Afskriftir	3.381.713		3.500.000
Gjöld samtals	529.331.899		570.219.187
Niðurstaða án fjármagnsliða			
	-	5.969.853	-
Fjármagnsliðir	13.732.317		4.000.000
Rekstrarniðurstaða	7.762.464		552.782

4) Breytingar á skipulagsskrá

Fyrir fundinum lágu engar breytingar á skipulagsskrá og féll þessi liður því niður.

5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.

Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttarnefndar lagði fram breytingar á innri reglum Austurbrúar til staðfestingar. Starfsháttnefnd og stjórn höfðu samþykkt uppfærðar siðareglur fyrir Austurbrú, svo og fundarskóp fyrir stjórn, verklagsreglur stjórnar, verklagsreglur starfsháttarnefndar og verklagsreglur fagráðs til staðfestingar á ársfundi. Aðeins er um eina lítilsháttar breytingu í verklagsreglum stjórnar áð ræða en reglurnar eru að öðru leyti óbreyttar og lagðar fram til staðfestingar til marks um árlega endurskoðun. Breytingarnar voru samþykktar samhljóða.

6) Kosningar

A. Kjör endurskoðanda

Í samræmi við ákvörðun á 161. fundi stjórnar Austurbrúar þann 2. maí leggur stjórn til við ársfundinn að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2025.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.



B. Kjör starfsháttarnefndar

Formaður starfsháttarnefndar, Skúli Björn Gunnarsson, lagði fram tillögu um að fulltrúar í starfsháttarnefnd Austurbrúar ses. verði:

- Sigríður Bragadóttir, fyrrverandi oddviti Vopnafjarðarhrepps.
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar í Fljótsdal.
- Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

C. Kjör siðanefndar

Formaður starfsháttanefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í siðanefnd Austurbrúar ses. verði:

- Bjarni G. Björgvinsson lögfræðingur, búsettur á Egilsstöðum.
- Þórður Vilberg Guðmundsson sagnfræðingur, búsettur á Reyðarfirði.
- Séra Sigríður Rún Tryggvadóttir, búsett á Seyðisfirði.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti fyrir fundarmönnum fagráð Austurbrúar en Sæunn Stefánsdóttir, af vettvangi fræðslumála, hafði tilkynnt stjórn að hún hygðist ekki gefa kost á sér áfram. Kristján Ketill Stefánsson kemur í hennar stað. Fagráðið, skipað á hagaðilafundi þann 29. apríl sl., lítur því svona út 2025-2026.

- Ferðaþjónusta: Díana Mjöll Sveinsdóttir, formaður.
- Atvinnu- og nýsköpunarmál: Sindri Sigurðsson, varaformaður.
- Menning: Hlín Pétursdóttir Behrens.
- Fræðslumál, vinnumarkaður: Hjördís Þóra Sigursteinsdóttir.
- Fræðslumál, háskóli og rannsóknir: Kristján Ketill Stefánsson.

Stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórnarmála voru kjörnir til tveggja ára á ársfundinum í fyrra og því engin breyting þar á. Í stjórn Austurbrúar 2025 til 2026 er því eftirfarandi:

- Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður, Múlaþing.
- Þuríður Lillý Sigurðardóttir, varaformaður, Fjarðabyggð.
- Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð.
- Eyþór Stefánsson, Múlaþing.
- Axel Örn Sveinbjörnsson, Vopnafjarðarhreppur.
- Díana Mjöll Sveinsdóttir, af vettvangi ferðaþjónustu.
- Sindri Sigurðsson, af vettvangi atvinnulífs.



- Jóhann F. Þórhallsson, áheyrnarfulltrúi, Fljótsdalshreppur.

7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagráðs

Formaður starfsháttarnefndar Austurbrúar, Skúli Björn Gunnarsson, kynnti tillögu nefndarinnar að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði í samræmi við það skipulag sem samþykkt var á haustþingi SSA 2020.

Grunnviðmið fyrir laun stjórnar er þingfararkaup eins og það var í október 2020 og tekur það síðan breytingum í janúar ár hvert í samræmi við hlutfallslega breytingu á samningum FOSA við launanefnd sveitarfélaga. Laun fyrir setu í stjórn Austurbrúar eru því greiddar 51.461 kr. en jafnframt tekur Austurbrú þátt í mánaðarlaunum formanns sem nemur jafnhárri fjárhæð. Fyrir setu í fagráði er greitt 22.055. fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál.

Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar, tók til máls og kynnti málþingið „Fjölmennara Austurland“ sem hefst eftir hádegi á sama stað. Þrjú ungmenni munu flytja ávarp ásamt tveimur lykilierindum frá Jóni Þorvaldi Hreiðarsyni, hagfræðingi við Háskóla Íslands og Vífili Karlssyni, prófessor við háskólann á Bifröst. Kvaddi fundarmenn til að hlýða á þessi erindi.

Bauð fundarstjóri formanni stjórnar að taka við og slíta fundi.

Formaður þakkaði fyrir fundinn og hvatti fundarmenn jafnframt til að mæta á málþingið. Að því loknu sleit hún ársfundi Austurbrúar árið 2025.



Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Aron Thorarensen